

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. maí 2011
Tilvísun: UST20110400108/sdk


Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.


Vísað er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, 709. mál.

Með framangreindu frumvarpi sem unnið var samhliða frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árósasamningsins, er verið að fullgilda/innleiða í íslensk lög Árósasamninginn sem öðlaðist gildi þann 30. október 2001. Fullgilding felst m.a. í því að komið er á fót sjálfstæðri úrskurðarnefnd í umhverfis- og auðlindamálum sem sameinar og leysir af hólmi úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarna sem eru þar með lagðar niður. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að úrskurðarvald umhverfis- og auðlindamála heyri undir sjálfstæða nefnd sem fullnægi skilyrðum óháðs og hlutlauss aðila í slíkum málum og fagnar því einnig sérstaklega að almenningur hafi nú tæka kæruleið í tilteknum ákvörðunum fyrir óháðri nefnd. Því lýsir Umhverfisstofnun ánægju sinni með framangreind frumvörp.

Umhverfisstofnun gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
sviðstjóri


Svanfríður Dóra Karlsdóttir
lögfræðingur